

# Laus staða



## Háskólinn á Bifröst auglýsir stöðu verkefnastjóra til að vinna að undirbúningi að stofnun Rannsóknarseturs skapandi greina.

Hinn 10. ágúst síðastliðinn gerðu mennta- og menningarmálaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, forsætisráðuneytið og Háskólinn á Bifröst með sér samning um undirbúning að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina (RSG) við Háskólann á Bifröst í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Samtök skapandi greina. Hér er auglýst eftir verkefnisstjóra til að starfa að og halda utan um undirbúninginn í samstarfi og samráði við verkefnisstjórn.

Ráðningin er tímabundin í 12 mánuði, frá og með 1. október 2021. Starfshlutfall er 70% eða samkvæmt frekara samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Parfaggreining og kortlagning á skapandi greinum á Íslandi
- Kortlagning alþjóðlegs tengslanets um rannsóknir á skapandi greinum
- Umsjón með allri undirbúningsvinnu fyrir formlega stofnun Rannsóknarseturs skapandi greina
- Samskipti við Hagstofu Íslands og aðra hagaðila um hagtölur og gögn
- Gerð kynningarefnis, miðlun og samskipti
- Almenn utnumhald um starfsemi stjórnar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi, svo sem menningarstjórnun, menningarhagfræði eða verkefnisstjórnun.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku og hæfni til að greina gögn og setja þau fram skýran hátt
- Frumkvæði, skipulagshæfni, sjálfstæði og sveigjanleiki
- Þekking og yfirsýn á umhverfi lista og skapandi greina er kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

### Umsóknir um störf

Með umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá, afrit af útskriftarskírteinum ásamt kynningarbréfi.

**Nánari upplýsingar:** Anna Hildur Hildibrandsdóttir, fagstjóri skapandi greina ([annah@bifrost.is](mailto:annah@bifrost.is)) og Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor ([rektor@bifrost.is](mailto:rektor@bifrost.is)). Starfsstöðvar Háskólans á Bifröst eru á Bifröst og í Reykjavík.

Háskólinn á Bifröst vinnur samkvæmt jafnréttisáætlun skólans og hvetur alla óháð kyni til að sækja um.

Sjá nánari upplýsingar undir laus störf á [bifrost.is](http://bifrost.is)